

# STARFSREGLUR

## Lýðheilsusjóðs.

### 1. gr.

#### *Tilgangur sjóðs.*

Heilbrigðisráðherra ráðstafar að minnsta kosti einu sinni á ári fé úr Lýðheilsusjóði, að fengnum tillögum stjórnar Lýðheilsusjóðs, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um Lýðheilsusjóð, nr. 1260/2011, með síðari breytingum.

### 2. gr.

#### *Skipan stjórnar og hlutverk.*

Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar, einn tilnefndan af embætti landlæknis og einn tilnefndan af heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands í stjórn Lýðheilsusjóðs.

Hlutverk stjórnarinnar er að gera tillögur til ráðherra um þær umsóknir sem lúta að tilgangi sjóðsins, þ.e. stuðla að heilsuefningu og forvörnum.

### 3. gr.

#### *Auglýsing um styrki.*

Í auglýsingu stjórnar Lýðheilsusjóðs skal að minnsta kosti tilgreina umsóknarfrest og hvaða gagna er krafist að fylgi með umsókn.

Umsóknir sem berast eftir lok auglýsts umsóknarfrests eru ekki teknar til umfjöllunar.

### 4. gr.

#### *Viðmið við ráðstöfun fjár.*

Í samræmi við 4. gr. reglugerðar um Lýðheilsusjóð skal stjórn við úthlutun úr Lýðheilsusjóði taka mið af eftirfarandi:

1. Að verkefni séu í samræmi við stefnu og áætlanir stjórnvalda í Lýðheilsuáttalumi.
2. Gildi og mikilvægi verkefna fyrir Lýðheilsu.
3. Kynja- og búsetudreifingu verkefna.
4. Verkefni skulu vera með skýr markmið og skal gerð grein fyrir áætluðum árangri.
5. Gera skal grein fyrir því með hvaða hætti árangur verði metinn.

### 5. gr.

#### *Skilyrði umsókna.*

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að:

1. Umsókn sé faglega unnin og byggist á niðurstöðum rannsókna eða á sambærilegum faglegum grunni.
2. Umsókn fylgi fjárhagsáætlun.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til ákveðins verkefnis þarf viðkomandi að hafa skilað framvindu- eða lokaskýrslu fyrir það verkefni til að eiga möguleika á nýjum styrk úr sjóðnum.

Almennt eru ekki veittir styrkir til:

1. Almenns reksturs stofnana eða félagsamtaka eða til kaupa á húsgögnum eða öðrum húsbúnaði.
2. Ráðstefnuhalds.
3. Verkefna sem eru rekin í hagnaðarskyni umsækjanda.

Almennt eru styrkir veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum.

Stærri umsækjendum skal gert kleift að sækja um fleiri en eitt verkefni í einni umsókn. Í þeim tilvikum skal fylgja verkefnalisti með ítarlegri fjárhagsáætlun. Þá eru gerðar auknar kröfur um skýrslu og fjárhagsuppgjör að verkefnum loknum.

Að jafnaði er einstaklingum einungis veittir styrkir til rannsóknarverkefna.

6. gr.

*Meðferð umsókna.*

Með því að þiggja styrk til rannsókna samþykkir styrkþegi að veita embætti landlæknis aðgang að ópersónugreinanlegum gögnum ári eftir gagnasöfnun, sé þess óskað.

Stjórn lýðheilsusjóðs fer með allar umsóknir, upplýsingar um verkefni, samstarfsaðila og annað sem fram kemur í umsókn, fylgigögnum og sérstökum upplýsingum til stjórnarinnar, sem trúnaðarmál, sbr. þó 1. tölul. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um lýðheilsusjóð þar sem fram kemur að óska megi eftir umfjöllun annarra aðila á umsókn.

7. gr.

*Eftirlit með framkvæmd verkefna.*

Styrkþegar skulu skila stjórn lýðheilsusjóðs skýrslu og fjárhagsuppgjöri með staðfestingu á útgjöldum að verkefni loknu. Aðili sem hlýtur styrk og skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri getur verið endurkrafinn um veittan styrk og útilokaður frá frekari styrkveitingum úr sjóðnum.

Stjórn lýðheilsusjóðs er heimilt að krefja styrkþega um að gera stjórninni grein fyrir gangi verkefnisins, ráðstöfun styrks og fjármögnun verkefnisins.

8. gr.

*Fjárhæðir úthlutunar.*

Að öllu jöfnu er ekki úthlutað hærri fjárhæð til verkefnis á vegum sveitarfélaga eða stofnana en sem nemur þeirra eigin framlagi til verkefnisins.

Styrkir sem eru hærri en 1.500.000 kr. eru að jafnaði greiddir í tvennu lagi og síðari hluti einungis gegn framvinduskýrslu og öðrum umbeðnum gögnum.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem samþykktar eru af stjórn lýðheilsusjóðs 4. september 2020 og settar á grundvelli 2. gr. reglugerðar um lýðheilsusjóð, nr. 1260/2011, með síðari breytingum, eru hér með samþykktar af ráðherra.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 11. september 2020.*

**Svandís Svavarsdóttir**  
heilbrigðisráðherra.